



Golfklúbbur Reykjavíkur

Auka staðarreglur fyrir almennan leik

Þessi regla á aðeins við um *almennan leik* og er til að flýta leik, hún á ekki við í opnum mótum og ekki í Meistaramóti GR. Almennur leikur á við þó menn séu í lokaðri keppni í sínum hópi. Hringurinn gildir til forgjafar þó svo menn nýti sér þessa staðarreglu.

Þegar bolti leikmanns hefur ekki fundist eða það er *vitað eða nánast öruggt* að boltinn er *út af* má leikmaðurinn halda áfram á eftirfarandi hátt, í stað þess að taka *fjarlægðarvíti*.

Gegn **tveimur vítahöggum**, má leikmaðurinn taka lausn með því að láta upphaflega boltann eða annan bolta *falla* á þessu *lausnarsvæði* (sjá reglu 14.3):

Tveir áætlaðir viðmiðunarstaðir:

- Viðmiðunarstaður boltans (Ball reference point):** Staðurinn þar sem upphaflegi boltinn er talinn hafa:
 - Stöðvast á *vellinum*, eða
 - Síðast skorið mörk *vallarins* áður en hann hafnaði *út af*.
- Viðmiðunarstaður brautarinnar (Fairway reference point):** Sá staður á braut holunnar sem verið er að leika sem er nálægastur viðmiðunarstað boltans, **en** er ekki nær *holunni* en viðmiðunarstaður boltans.

Í þessari staðarreglu þýðir „braut“ gras á *almenna svæðinu* sem er slegið í brautarhæð eða neðar.

Stærð lausnarsvæðis, samkvæmt viðmiðunarstöðum: Hvar sem er milli:

- Línu frá holunni í gegnum viðmiðunarstað boltans (og innan tveggja kylfulengda til ytri marka þeirrar línu), og
- Línu frá holunni í gegnum viðmiðunarstað brautarinnar (og innan tveggja kylfulengda brautarmegin við þá línu).

Þó með þessum takmörkunum:

- Lausnarsvæðið verður að vera á *almenna svæðinu*, og
- Lausnarsvæðið má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaður boltans.

Eftir að leikmaðurinn setur bolta *í leik* samkvæmt þessari staðarreglu:

- Er upphaflegi boltinn sem var *týndur* eða *út af* ekki lengur í leik og ekki má leika honum.
- Þetta gildir, jafnvel þótt boltinn finnist á *vellinum* innan þriggja mínútna leitartímans (sjá reglu 6.3b).

Hins vegar má leikmaðurinn ekki nota þennan valkost til að taka lausn vegna upphaflega boltans ef:

- Vitað er eða nánast öruggt* að boltinn hefur stöðvast innan *vítasvæðis*, eða
- Leikmaðurinn hefur leikið öðrum bolta til vara gegn *fjarlægðarvíti* (sjá reglu 18.3).“

Leikmaður má nota þennan valkost til að taka lausn vegna *varabolta* sem hefur ekki fundist eða sem *vitað er eða nánast öruggt* að sé *út af*.

Víti fyrir að leika bolta af röngum stað í bága við staðarregluna: **Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.**

